

Alþingi 27.4.2017

Málsnr.: 1702 224

Málalykill: 0.34.5



Vestmannaeyjabær

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 24. apríl 2017
erindi nr. 201704124 FMR

**Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: Til umsagnar tillaga til þingsályktunar um
opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurlflugvelli, 156. mál.**

Á 3048. fundi Bæjarráðs Vestmannaeyja þann, 20.4.2017, var erindið hér að neðan
tekið til umfjöllunar og svohljóðandi bókun gerð:

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að beita sér fyrir því að
NA/SV- flugbrautin á Reykjavíkurlflugvelli verði opnuð á ný svo fjótt sem verða má.
Ráðherra láti útbúa aðgerðaráætlun í þessa veru og upplýsi Alþingi um innihald
hennar eigi síðar en í maí 2017.

*Bæjarráð fjallaði um tillögu til þingsályktunar um opnun neyðarbrautarinnar á
Reykjavíkurlflugvelli*

*ÞBæjarráð fagnar tillögunni og hvetur til þess að alþingi standi saman um þá
mikilvægu ákvörðun sem í henni er fólgin. Bæjarráð minnir á að í höfuðborg
Íslands er eina hátækisjúkrahús landsins. Dæmin hafa ítrekað sýnt að
lífsnauðsynlegt getur verið að þangað sé ávallt greið leið með sjúklinga hvort sem er
af höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni. Lokun Neyðarbrautarinnar svokölluðu á
Reykjavíkurlflugvelli hefur á undangengnum vikum leitt til þess að sjúkraflugvélar hafa
ekki getað lent í Reykjavík né annars staðar á Suðvesturhorninu með alvarlega veika
einstaklinga, sem hafa þurft á bráðnauðsynlegri umönnun að halda á þessu eina
hátækisjúkrahúsi okkar landsmanna. Það er því ófrávíkjanleg krafa bæjarráðs að
Neyðarbraut Reykjavíkurlflugvallar verði opnuð aftur þar til önnur og jafngóð lausn
finnst.*

*Bæjarráð skorar á alþingi að samþykkja þá framkomnu þingsályktunartillögu sem hér
er fjallað um.*

Afgreiðsla þessi er háð samþykki bæjarstjórnar, og verður yður tilkynnt tafarlaust ef
hún breytist.

RÁÐHÚSINU
902 VESTMANNÆYJUM
PÓSTHÓLF 60
SÍMI 488-2000
TELEFAX 488-2001
KENNITALA 690269-0159



Vestmannaeyjabær

Virðingarfyllst,

Fjola Margrét Robertsdóttir
Þjónustufulltrúi



RÁÐHÚSINU
902 VESTMANNAEYJUM
PÓSTHÓLF 60
SÍMI 488-2000
TELEFAX 488-2001
KENNITALA 690269-0159